

Hafnarsjóður Kópavogsbæjar

ÁRSREIKNINGUR 2025



Skýrsla og áritun hafnarstjórnar

Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi er tap sjóðsins 3,8 m.kr. á árinu. Eigið fé sjóðsins var í lok árs neikvætt um 100 m.kr., en 96 m.kr. í byrjun árs. Stjórn Hafnarsjóðs leggur til að rekstrartapi ársins verði ráðstafað til næsta árs. Að öðru leiti vísast til ársreiknings varðandi fjárhagsstöðu sjóðsins og reksturs hans á liðnu ári.

Vinnuframlag hjá Hafnarsjóði var eitt stöðugildi á árinu, laun og launatengd gjöld voru 13 m.kr.

Stjórn Hafnarsjóðs Kópavogsbæjar staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Kópavogi, 12. maí 2026

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Hafnarsjóðs Kópavogsbæjar

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Hafnarsjóðs Kópavogsbæjar fyrir árið 2025 og við vinnu okkar byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur sjóðsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings.

Við höfum notað sérfræðiþekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða sjóðinn við gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Kópavogi, 12. maí 2026

Grant Thornton endurskoðun ehf.

Davíð Arnar Einarsson
löggiltur endurskoðandi

Sif Jónsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025	Ársreikningur 2024
Rekstrartekjur:				
Tekjur af hafnarstarfsemi.....	5	15.812	11.514	17.554
Hafnarbakka- og lóðarleiga.....		25.142	31.377	25.085
Aðrar millifærslur.....		43.000	43.000	43.000
		83.954	85.891	85.639
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld.....	6	13.309	13.779	14.188
Annar rekstrarkostnaður.....	7	18.781	25.191	17.551
Afskriftir.....	8,9	18.637	18.221	16.470
		50.727	57.191	48.210
Hagnaður án fjármagnsliða.....		33.227	28.700	37.429
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:				
Fjármagnsgjöld.....		(36.989)	(36.206)	(40.255)
		(36.989)	(36.206)	(40.255)
(Tap) ársins.....		(3.763)	(7.506)	(2.825)

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir

	Skýr.	Ársreikningur 2025	Ársreikningur 2024
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Hafnarmannvirki.....		548.042	432.455
Tæki.....		10.199	11.873
Fastafjármunir samtals	8,9	<u>558.241</u>	<u>444.328</u>
Veltufjármunir:			
Viðskiptakröfur.....		2.158	2.442
Veltufjármunir samtals		<u>2.158</u>	<u>2.442</u>
Eignir samtals		<u><u>560.399</u></u>	<u><u>446.770</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	Ársreikningur 2025	Ársreikningur 2024
Eigið fé:			
Eigið fé.....		(99.830)	(96.067)
Eigið fé samtals	10	(99.830)	(96.067)
Langtímaskuldir:			
Langtímaskuldir við Aðalsjóð.....		660.229	542.837
Næsta árs afborganir.....		(36.581)	(30.187)
Langtímaskuldir alls	11	623.648	512.650
Skammtímaskuldir:			
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	11	36.581	30.187
Skammtímaskuldir alls		36.581	30.187
Skuldir samtals		660.229	542.837
Skuldir og eigið fé samtals		560.399	446.770

Yfirlit um sjóðstreymi

	Skýr.	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025	Ársreikningur 2024
Handbært fé frá rekstri:				
(Tap)/Hagnaður ársins.....		(3.763)	(7.506)	(2.825)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir.....	8,9	18.637	18.221	16.470
Eigin fyrirtæki - verðbætur og vextir.....		36.989	36.206	40.255
Veltufé frá rekstri		<u>51.863</u>	<u>46.921</u>	<u>53.900</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun)/lækkun.....		284	0	(2.185)
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun)/lækkun.....				
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>284</u>	<u>0</u>	<u>(2.185)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>52.147</u>	<u>46.921</u>	<u>51.715</u>
Fjárfestingarhreyfingar:				
Fjárfesting í fasteignum og gatnagerð, nettó.....		(132.550)	(120.000)	(45.651)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(132.550)</u>	<u>(120.000)</u>	<u>(45.651)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:				
Eigin fyrirtæki, breyting.....		80.403	73.079	(6.064)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>80.403</u>	<u>73.079</u>	<u>(6.064)</u>
Lækkun á handbæru fé.....		0	(0)	(0)
Handbært fé í ársbyrjun.....		0	0	0
Handbært fé í árslok.....		<u>0</u>	<u>(0)</u>	<u>(0)</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir:

1. Grundvöllur reikningsskilanna.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitastjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitafélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitastjórnarmála um reikningshald sveitafélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Verðlags- og gengisviðmið

Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2026. Engar skuldir hjá Hafnarsjóði eru tengdar erlendum gjaldmiðlum.

3. Innlausn tekna

Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast.

4. Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

5. Tekjur

Tekjur sundurliðast þannig:

	2025	Áætlun 2025	Ársreikningur 2024
Smábátagjald.....	10.507	3.039	12.094
Selt rafmagn og kalt vatn.....	5.304	8.475	5.460
	15.812	11.514	17.554

6. Laun og launatengd gjöld

	2025	Áætlun 2025	Ársreikningur 2024
Laun.....	10.767	10.895	10.179
Nefnda- og stjórnarlaun.....	0	0	1.548
Launatengd gjöld.....	2.542	2.884	2.461
	13.309	13.779	14.188

7. Annar rekstrarkostnaður	2025	Áætlun 2025	Ársreikningur 2024
Rafmagn, hiti og kalt vatn.....	7.533	8.500	5.370
Verktakar.....	3.235	5.798	4.678
Húsaleiga og afnot húsnæðis.....	3.196	3.831	3.354
Sorphreinsun.....	888	1.321	885
Sími og netþjónusta.....	475	396	380
Rekstur bifreiða.....	264	320	449
Tölvuþjónusta.....	385	385	339
Auglýsingar.....	235	88	115
Tryggingar og viðvörunarkerfi.....	1.999	247	893
Fasteignagjöld.....	9	9	8
Annar kostnaður.....	562	4.296	1.081
Annar rekstrarkostnaður:	18.781	25.191	17.551

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hafnarmannvirki.....	40 ár
Tæki.....	10 ár

9. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast þannig:

	Hafnarmannvirki	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1. 1.....	685.220	18.325	703.545
Afskrifað áður.....	(252.765)	(6.452)	(259.217)
	432.455	11.873	444.328
Viðbót á árinu.....	132.550	0	132.550
Afskrifað á árinu.....	(16.963)	(1.673)	(18.637)
Heildareign 31.12.2025	548.042	10.199	558.241
Afskriftarhlutföll.....	2,5%	10%	

10. Eigið fé

Yfirlit um eigið fé:

Eigið fé 1.1.2025.....	(	96.067)
Rekstrarniðurstaða ársins.....	(	3.763)
Eigið fé 31.12.2025.....	(	99.830)

11. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir

	Verðtryggð lán
Aðalsjóður, verðtryggt lán með 3,0% vöxtum.....	660.229
Næsta árs afborganir.....	(36.581)
	623.648

Afborganir af langtímaskuldum í árslok greinast þannig á næstu ár:

	Skuld við aðalsjóð
Árið 2026.....	36.581
Árið 2027.....	36.581
Árið 2028.....	36.581
Árið 2029.....	36.581
Árið 2030.....	36.581
Síðar.....	477.324
Samtals:	660.229